

Skýrsla stjórnar Samtaka heilbrigðisiðnaðarins Lögð fram á aðalfundi 14. júní 2012

Ágætu félagsmenn!

Nú er að ljúka fyrsta starfsári Samtaka heilbrigðisiðnaðarins sem voru stofnuð 14. janúar 2011. Markmiðið með stofnun SHI var að vinna að hagsmuna- og stefnumálum fyrirtækja á heilbrigðissviði og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar heilbrigðisiðnaðar á Íslandi.

Samtök heilbrigðisiðnaðarins– SHI, starfa innan Samtaka iðnaðarins sem starfsgreinahópur um málefni fyrirtækja sem tengjast þjónustu og nýsköpun í heilbrigðiskerfinu á einn eða annan hátt.

Miðað er við félagar séu fyrirtæki sem tengjast nýsköpun og þróun á heilbrigðissviði.

Miðað er við að fyrirtækin séu hlutafélög (hf.), einkahlutafélög (ehf.) eða samvinnufélög (sf.) og að;

- þróunarkostnaður fyrirtækjanna sé að jafnaði a.m.k. 2% af veltu þegar horft er til yfirstandandi starfsárs og þriggja síðustu ára.



Mvnd: Fvrsta stiörn SHI. frá hæori Árni. Garðar. Perla. Sveinbjörn oa Börkur. Á mvndina vantar Þorvald Invarsson.

Í fyrstu stjórn Samtaka heilbrigðisiðnaðarins (SHI) voru kjörin á stofnfundi:

Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica ehf. (formaður)

Til tveggja ára:

Jón Valgeirsson, Actavis á Íslandi hf.
Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical ehf.

Til eins árs:

Árni Þór Árnason, Oxymap ehf.
Garðar Þorvarðsson, Medical Algorithms ehf. (núverandi heiti er Kvikna ehf.)

Varastjórn til eins árs:

Börkur Arnviðarson, ARCTIC Sequentia ehf.
Þorvaldur Ingvarsson, Össuri hf.

Þá var ákveðið á stofnfundi að þeir Magnús Oddsson hjá Össuri hf. og Hákon Sigurhansson hjá EMR efh. störfuðu með stjórninni a.m.k. fyrsta starfsárið

Eldri fyrirtæki í þessari grein hafa mörg hver verið eflast á undanförunum árum og meðal stofnfélaga sem eru vel á annan tug fyrirtækja eru öflug tæknifyrirtæki á borð við Össur og Actavis auk hraðvaxandi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á borð við EMR, Nox Medical, Oxymap, Medical Algorithms, MentisCura, ValaMed, ARCTIC Sequentia, Kine, Stiki og SagaMedica.

Fyrirtæki innan SHI eru góður þverskurður fyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, líf- og genatækni, stoðtækjaframleiðslu, lyfjaframleiðslu, náttúrulækningaefna, lækningatækja, og mælitækni. Í SHI/SI eru um 30 fyrirtækja sem falla undir áður nefnda skilgreiningu. Fyrirtækjum hefur hefur fjölgað í hópnun frá stofnfundi, þó enn séu fyrirtæki á sviðinu utan samtakanna, einkum fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref á þróunarbrautinni.

Stefnumótun og áherslur í starfi stjórnar starfsárið 2011-12.

Í aðdraganda að stofnun Samtaka heilbrigðisidnaðarins var unnið að nýrri stefnumótun fyrir greinina. Niðurstöður þeirrar vinnu má draga saman á einfaldan hátt í þremur liðum sem innihalda, framtíðarsýn, forsendur og aðgerðir/verkefni.

Stefnumótun heilbrigðistæknifyrirtækja til ársins 2015

1. Framtíðarsýn - árangur

- Íslenskar lausnir og þjónusta fyrir heilbrigðiskerfið þekktar heima og erlendis fyrir gæði, nýsköpun og hagkvæmni.
- Góð ímynd og staða, almenn vitund um árangur og lausnir á lykilsviðum.
- Góður fjárhagslegur árangur, arðsemi, vöxtur, fjölgun starfa og jákvæð þróun fyrirtækja í greininni.

2. Forsendur – hvað þarf til?

- Skilvirkt stuðningsumhverfi og stjórnvöld, hvetjandi samstarf og samstarfssamningar fyrirtækja og heilbrigðisstofnana.
- Samstarfsvettvangur - samráðshópur fyrirtækja, ráðuneyta, spítala, landlæknis um þróun íslenskra lausna fyrir heilbrigðiskerfið.
- Markvisst markaðsstarf, þróun, samstarf og tengslanet heima, greiðari aðgangur fyrirtækja að þróunarsamstarfi við heilbrigðisstofnanir á grunni PPP aðferða og opinber innkaup sem virka.
- Útflutningur og samstarf á alþjóðlegum vettvangi - Samnorrænn heimamarkaður
- Fjármögnun nýsköpunarstarfsemi, m.a. sterkari Tækniþróunarsjóður og skattalegir hvatar og hæfari fjárfestar og fjárfestingasjóðir.
- Samstarf um CE/FDA/gæða- og öryggismál.
- Nægt framboð af vel menntuðu starfsfólki (sérstaklega tæknimenntuðu).
- Öflugt samstarf við háskólana varðandi rannsóknir og kennslu þannig að verkefnavinna nemenda og fræðistörf nýtist sem best í þróun nýrra lausna og uppbyggingu fyrirtækja í greininni.

3. Aðgerðir/verkefni til að ná árangri

Markaðsstarf, þróun, samstarf og tengslanet heima

- Vinnuhópar í markaðsmálum (fundir, success stories)
- Stofnun samstarfsvettvangs - samráðshópur fyrirtækja ráðuneytis, spítala, landlæknis og vettvangsins

- Þjóðaráttak í (opinberum) innkaupum, kaupum íslenskt
- Standa að (eða hvetja til) tækniráðstefnum og kaupstefnum á Íslandi þar sem áherslan er á lausnir fyrir heilbrigðisþjónustuna
- Greiðari aðgangur fyrirtækja að samvinnu við LHS - aðgengi að sjúkrahúsum
- Koma á umræðum, fyrst innan samtakanna sjálfra og svo út á við, í samræðum við stjórnvöld, stjórnslu, spítala, háskóla, o.s.frv..
- Kynningarstarf af margvíslegu tagi - Fyrirtækin þurfa t.d. að vera sýnileg.
- Vinnuhópar í CE/FDA/Gæðamálum

Útflutningur og alþjóðlegt samstarf

- Formlegt samstarf og samskipti við systurfélög á norðurlöndunum
- NMI ná í EU peninga, fyrir fyrirtækin (NMI stjórnir og sjái um pappírsmálin) á áherslusviðum fyrirtækjanna
- Landabás á Medica
- Gott yfirlit á einum stað yfir þær (alþjóðlegu) lækna/heilbrigðis ráðstefnur sem haldnar eru á Íslandi með því markmiði að ht fyrirtækin geti sýnt vörur og þjónustu með litlum tilkostnaði. Hér þarf að vera góður fyrirvari á þannig að fyrirtækin hafi möguleika á að koma að erindi á ráðstefnunni.

Starfs- og stuðningsumhverfið, tölfræði og stjórnvöld

- Sterkari Tækniþróunarsjóður - Vinna að styrkingu Tækniþróunarsjóðs þ.a. einstök verkefni geti hlutið styrki ~ 20.m.
- Enn meiri skattaívilnanir fyrir fjárfesta í nýsköpunar fyrirtækjum.
- Tölfræðiupplýsingar um ávinning nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu, tölur sem sýna fram á árangur eða árangursleysi.
- Breyta stuðningsumhverfi útflutnings á Íslandi. T.d. þarf að breyta áherslum í lögum um Íslandsstofu, hátækin þarf að fá sérstakt vægi.

Menntamál

- Samráðsnefnd um framleiðslu heilbrigðistæknilausna og aðkomu sjúkrastofnanna að þeim, ná þörfunum og lausnunum út af spítölunum
- Samráðsnefnd um samstarf fyrirtækja og menntastofnanna.
- Þarfagreining og kortlagning þekkingar. Samstarf við stofnun eða fyrirtæki varðandi námskeiðahald. Upplýsingakerfi þar sem að hægt væri að nálgast reynslu og þjónustu sem til er í landinu.
- Beitum okkur fyrir sameiginlegum námskeiðum hér á landi á þeim sviðum þar sem að þekkingu vantar og menntum þannig fleiri einstaklinga en næðist með því að senda einn og einn á námseið erlendis.
- Kortlagning þeirrar þekkingar sem að er til staðar í landinu og hvað hver er tilbúin að bjóða og fyrir hvað. Samstarf við einhvern aðila sem að kortlegði þörfina fyrir námskeið fyrir fyrirtækin, aflaði upplýsingar um framboð af slíku erlendis og sæi um skipulagningu þeirra viðburða hér á landi (gæti t.d. verið NMÍ)
- Samstarf við háskólana varðandi rannsóknir og kennslu þannig að verkefnavinna nemenda nýtist sem best þeim fyrirtækjum sem að til staðar eru í landinu og nemendurnir geta gengið inn í.

Margar af þeim tillögum um aðgerðir/verkefni sem fram komu í stefnumótun SHI falla saman við almenna stefnumótun og forgangsverkefni annarra tæki- og hugverkagreina, s.s. áherslan á fjármögnun, skattalega hvata, menntamál, stoðkerfið, og hagtölugerð.

Sértæku verkefni eru hins vegar meira í formi samstarfs við heilbrigðisstofnanir um þróun á nýjum lausnum, öryggis- og gæðamála og útflutnings.

Á fyrsta ári SHI hefur verið lögð áhersla á að efla samstarfið innan heilbrigðisklasans með auknum tengslum við stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir og önnur fyrirtæki á heilbrigðissviði með bætta þjónustu, hagræðingu, verðmætasköpun og útflutning að leiðarljósi.

SHI hóf starfsemi sína með almennum kynningarfundum fyrirtækjanna til að auka innbyrðist tengsl og kynningu fyrirtækjanna hvert fyrir öðru.

Í júní 2011 var efnt til stefnumóts fyrirtækja og heilbrigðisstofnana til að fylgja eftir markáætlun um klasa undir kjörorðinu „Betri þjónustu fyrir minna fé“ sem hófst með umræðufundi um nýsköpun í fjárlagagerð í lok árs 2010. Gott samband hefur náðst við Landspítala háskólasjúkrahús um samstarfsverkefni, sem vonir standa til að geti orðið vísir að góðum grunni til að byggja á samstarf í framtíðinni.

Á fyrri hluta þessa árs var farið af stað með fræðslufundi fyrir félagsmenn þar sem athyglinni var beint að markaðskröfum CE-merkingum og öryggi hugbúnaðar tengdum lækningarferlum. Áfram verður unnið á þessum nótum á komandi starfsári.

Helstu verkefni á síðasta starfsári sem SHI átti aðild að, tengjast því stefnumótunarstarfi sem fram fór m.a. í samstarfi við Hátækni- og sprotavettvang, SSP og önnur samtök á tækni- og hugverkasviðum. Þau má lista upp með eftirfarandi lista:

1. **Tölfræði tækni- og hugverkagreina**
2. **Stefnumótun tækni- og hugverkagreina.**
3. **Tækni- og hugverkafing 2011**
4. **Framhald Hátækni- og sprotavettvangs 2012-2014**
5. **Atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar – fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar.**
6. **Undirbúningur markáætlunar um klasaverkefni um „Betri þjónustu fyrir minna fé“ á sviði menntamála, heilbrigðismála, orku- og umhverfismála.**
7. **Efling Tækniþróunarsjóðs.**
8. **Endurgreiðsla rannsókna- og þróunarkostnaðar**
9. **Ár nýsköpunar**
10. **Samstarf við vinnumálastofnun um endurmenntun atvinnuleitenda til starfa í nýsköpunarfyrirtækjum.**
11. **Fagrað hugverkagreina innan Íslandsstofu.**
12. **Frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði**
13. **Önnur mál**
 - a. **Morgunfundir SI/SSP/SUT/SÍL/IGI/CTI/SHI.**
 - b. **Fræðslufundir og innra starf**
 - c. **Umræður um eitt atvinnumálaráðuneyti.**

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað með nokkrum orðum um framvindu mála í framangreindum verkefnum.

1. Tölfræði tækni- og hugverkagreina

Erfitt hefur reynst að taka saman tölur um útflutning tækni- og hugverkfyrirtækja, sérstaklega þjónustuútflutninginn, en SI og HSV hafa gert tillögur um umbætur í hagtölugerð sem m.a. voru ræddar á Tækni- og hugverkafingi 2011. Hátækni- og sprotavettvangur hefur skilað tillögum til

iðnaðarráðherra, auk þess sem málið hefur verið kynnt efnahags- og viðskiptaráðherra sem hefur yfir Hagstofunni að segja. Haldnir hafa verið fundir með Hagstofunni til að fylgja eftir þessum tillögum og ennig er unnið að því að fá ríkisskattstjóra að þessu samstarfi til að tengja betur saman gagnagrunna skattsins og Hagstofnunnar. Vonir standa til að þetta frumkvæði skili sér í betri gagnasöfnun í framtíðinni, en í lokaafgreiðslu fjárlaga 2012 fékkst aukið framlag til Hagstofnunnar til að efla fyrirtækjaskrá og samhæfingu gagnagrunna á sviðinu.

2. Stefnumótun tækni- og hugverkagreina.

Í maí á síðasta ár var efnt til sameiginlegs stefnumótunarfundar tækni- og hugverkagreina og Hátækni- og sprotavettvangs sem leysti af hólmi fyrri stefnumörkun sprotafyrirtækja, sem unnin var í aðdraganda stofnunar SSP og verið leiðarljós í starfi SSP frá stofnun. Horft er til ársins 2016 og eru helstu fyrirsagnir í hinni nýju framtíðarsýn, eftirfarandi:

Meginmarkmið

1. Hugverkaiðnaður - grunnstoð í íslensku atvinnulífi
2. Aðlaðandi Ísland - miðstöð „tækni- og hugverkaiðnaðar“
3. Jákvæður viðskiptajöfnuður á grunni aukins útflutnings og sjálfbærni

Helstu forsendur fyrir því að framangreindur árangur geti náðst voru skilgreindar:

Forsendur árangurs

1. Nægt framboð á hæfu starfsfólki – „gott fólk gulli betra“
2. Fyrirmyndar starfsumhverfi og stoðkerfi.
3. Markvisst markaðsstarf - Inspired by Icelandic Innovation
4. Fjármögnunarumhverfi í fremstu röð.

Helstu forgangsverkefni til að vinna að árangri og bættum forsendum voru skilgreind, en þessi verkefni mynda megin áherslur í starfi SSP og Hátækni- og sprotavettvangs á næstu árum.

Forgangsverkefni

1. Samstarfsvettvangur tækni- og hugverkagreina, samstarf við stjórnvöld og þingflokka – eitt atvinnuvegaráðuneyti
2. Bætt hagtolugerð tækni- og hugverkagreina
3. Tækniþróunarsjóður eflur í 4 milljarða – styrkir til markaðsstarfs erlendis – efling Brúarstyrkja
4. Menntastefna til stuðnings atvinnustefnu – markvissara iðn- og tækninám
5. „Inspired by Icelandic Innovation“ – markaðsstarf erlendis og vitundarvakning um áhrif ímyndar fyrir útflutning
6. Laða hæfileikaríkt fólk til starfa á Íslandi – t.d. hvatar t.d. í skattkerfinu
7. Skattalegir hvatar til hlutabréfakaupa nýsköpunarfyrirtækjum eða sjóðum – Skipulögð miðlun/markaður hlutabréfa minni fyrirtækja
8. Hluti fjárlagaliða heilbrigðis- og velferðarmála, menntamála, orku- og umhverfismála og niðurgreiðslna veitt í samkeppnissjóði og klasasamstarf um „betri þjónusta fyrir minna fé.“
9. Höfuðstöðvar útflutningsfyrirtækja á Íslandi – draga úr áhrifum gjaldeyrishafta á útflutning frá Íslandi

Taka má saman markmið og verkþætti í hverju verkefni á eftirfarandi hátt:

(PDF skjal) [Sjá þingnefndartillögur](#)

2 – Bætt hagtlugerð

Markmið:

Gera mögulegt að fylgjast með mikilvægum hagtlugum tækni- og hugverkafyrirtækja

Verkþættir:

1. Skípa verkefnisstjórn í samráði við hagsmunaaðila
2. Staðfesta þarfirnar, uppskipting í áfanga
3. Greina uppsprettu upplýsinga
4. Ákveða flokkun fyrirtækja
5. Gera tillögu að nýju skipulagi, lausn ásamt stofnkostnaði og rekstri

1 – Samstarfsvettvangur hugverkagreina – samstarf við stjórnvöld/þing – eitt atvinnuvegaráðuneyti

Markmið:

Tryggja árangursríkt samstarf tækni- og hugverkagreina, stjórnvalda, stoðkerfis og þingmanna með eflingu og markvissri uppbyggingu atvinnulífs að leiðarljósi.

Verkþættir:

1. Próa áfram og efla samstarfsvettvang atvinnulífs, stjórnvalda, stoðkerfis og þingflokka á Alþingi.
 - a) Hlutverk og stjórn
 - b) Áhersluverkefni, stefnumótun
 - c) Samstarfsaðilar og formleg samskipti
 - d) Verklag við framkvæmd umbóta
 - e) Fjármögnun
2. Vinna að samstarfi við þingflokka við stefnumótun og framkvæmd umbóta í tækni- og hugverkagreinum
3. Endurskoða hlutverk atvinnuvegaráðuneyta, sameiningu þeirra og fjármögnun rannsóknna og þróunarverkefna.

3 – Efling Tækniþróunarsjóðs

Markmið:

Árleg fjárframlög í Tækniþróunarsjóð verði kr. 4 milljarðar. Efla Brúarstyrki til markaðs- og kynningarstarfs tækni- og hugverkagreina. Hækka styrki og hlutfall úthlutana til góðra verkefna.

Verkþættir:

1. Kynna árangur sjóðsins
2. Hefja markvissa uppbyggingu sjóðsins frá og með fjárlagagerð ársins 2012
3. Þrefalda sjóðinn (2 milljarða) strax á árinu 2012 og í 4 milljarða til ársins 2014
4. Hækka verkefnastyrki í hámarksstyrk kr. 50 milljónir.
5. Efla Brúarstyrki til markaðs- og kynningarstarfs tækni- og hugverkagreina.
6. Auka styrkhlutfall og styrkja fleiri góð verkefni
7. Þrjár nýjar markáætlanir: a) heilbrigðistækni b) orkutækni c) upplýsingatækni, tryggja 150 milljónir á ári í þrjú ár.

4 – Menntastefna til stuðnings atvinnustefnu – markvissara iðn- og tækninám

Markmið:

Að móta menntastefnu með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi og tryggja fjármagn til að koma henni í framkvæmd. Hafa nægilegt framboð á vel menntuðu fólki. Koma á skipulagi til að safna upplýsingum um þarfir atvinnulífsins í þekkingu. Leysa á næstu þrem árum skammtímaþörf fyrir iðn- tæknimenntanað starfsfólk.

Verkþættir:

1. Hagsmunaaðilar hefji vinnu við að formgera þverfaglega aðkomu að menntastefnu þjóðarinnar og framkvæmd hennar
2. Komið verði á stefnumarkandi samráðsvettvangi háskóla, iðn- og tækniskóla og tækni- og hugverkafyrirtækja.
3. Þarfir atvinnulífsins skilgreindar, til skamms tíma og langs tíma.
4. Skoða öll tækifæri til samstarfs, sameininga, samhæfingar háskóla með fækkun stjórneininga, samræmdu námsmáti og sameiginlegu aðgengi að fræðslu að leiðarljósi. Sérstaklega verði hugað að aukinni samhæfingu tækni-, viðskipta- og hönnunargreina.
5. Efla samstarf tækni- og hugverkafyrirtækja og háskóla um gerð námsskráa og nemendaverkefna með það að markmiði að skólarnir starfi á starfssviðum fyrirtækja, styrkja tengja menntastofnanir við atvinnulíf – niðurstöður rannsókna nýtist með sem beinustum hætti og nemendur öðlist færni sem nýtist þeim þegar námi er lokið.
6. Móta menntastefnu
7. Skilgreina leiðir og verkefni til að koma menntastefnu í framkvæmd.

5 – “Inspired by Icelandic Innovation”

Markmið:

Skapa jákvæða ímynd bæði innanlands og utanlands á tækni- og hugverkaíðnaði á Íslandi. Laða að fólk, fyrirtæki og fjárfesta til Íslands.

Verkþættir:

1. Skípa vinnuhóp
2. Skilgreina tilgang, leiðir og framkvæmd
3. Ráða aðila til að vinna fagvinnu og framkvæmd verksins.
4. Framkvæmd og eftirfylgni.

6 – Laða hæfileikaríkt fólk til starfa á Íslandi

Markmið:

Laða hæfileikaríkt fólk til landsins, leysa þörf fyrir iðn- og tæknimenntað starfsfólk, ekki síst íslendinga búsetta erlendis. Skapa aðstæður sem verða til þess að sérfræðingar og sérhæft starfsfólk hafi áhuga að flytja til Íslands til að stunda vinnu.

Verkþættir:

1. Skípa vinnuhóp, skilgreina þarfir og gera tillögu að leiðum
2. Skilgreina þær laga- og reglugerðabreytingar sem nauðsynlegar eru, þ.m.t. skattahvatar
3. Skoða sérstaklega þær leiðir sem þjóðir innan EES hafa farið – þar sem það flýttir framkvæmd gagnvart ESA að fara troðnar slóðir annarra EES-ríkja.
4. Samþykkja og innleiða breytingar

Þingnefnd 7 – Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum og nýsköpunarsjóðum

Markmið:

Bæta aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að hlutafé, opna möguleika fyrir einstaklinga og sjóði að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum í traustu, heilbrigðu og virku umhverfi. Koma á skipulögðum hlutabréfamarkaði (uppbyggingarmarkaði) fyrir nýsköpunarfyrirtæki.

Verkþættir:

1. Skipa verkefnishóp með skýrt umboð og tímamörk um að gera drög að nýju lagafrumvarpi sem tekur mið af framangreindum markmiðum og byggir á viðurkenndum leikreglum innan EES
2. Vinna drög að lagafrumvarpi og skapa samstöðu um það
3. Fá umsögn ESA um frumvarpið
4. Leggja fram á Alþingi, samþykkja og innleiða
5. Koma á skráningu, miðlun og markað fyrir hlutabréf í skráðum nýsköpunarfyrirtækjum (hugsanlega með endastöð á First North)
6. Kynning og eftirfylgni á framkvæmd

Þingnefnd 8 (Tillaga 1) – Klasaáætlun um betri þjónustu fyrir minna fé á sviði orku- og umhverfislausna, heilbrigðis- og menntamála

Markmið:

Hvetja fyrirtæki og stofnanir til samstarfs um að þróa sameiginlega nýjar aðferðir og lausnir sem leiði til betri þjónustu sem geti orðið að útflytningarsvöru og lægri útgjalda. Veita hluta fjárlaga í nýjan farveg, samkeppnissjóðafarveg, þar sem stofnanir þurfa að sækja um fjármagn til að sinna ákveðnum verkefnum. Að skapa grundvöll og hvatningu fyrir þróun nýrra lausna í þjónustu hins opinbera og draga úr söun í formi fastrar áskriftar á fjárlögum án viðleitni til nýsköpunar og umbótastarfs.

Verkþættir:

1. Skipa vinnuhóp Rannís, SI, Iðnaðarráðuneytis og HSV (þegar gert)
2. Skilgreina verklag TÞS varðandi verkefnið (liggur fyrir)
3. Standa fyrir stefnumótum fyrirtækja og stofnana á viðkomandi sviðum (jarðvarmi og heilbrigðissviðið komið – unnið áfram á öðrum sviðum)
4. Kynna og hvetja stofnanir og fyrirtæki til samstarfs.

Þingnefnd 8 (Tillaga 2) - Samkeppnissjóðir um betri þjónustu fyrir minna fé, nýjar aðferðir við gerð fjárlaga

Markmið:

Veita hluta fjárlaga í nýjan farveg, samkeppnissjóðafarveg, þar sem stofnanir þurfa að sækja um fjármagn til að sinna ákveðnum verkefnum. Skapa grundvöll og hvatningu fyrir þróun nýrra lausna í þjónustu hins opinbera og draga úr söun í formi fastra útgjalda í fjárlögum án viðleitni til nýsköpunar og umbótastarfs. Lagt er til að þessi leið verði markvisst innleidd við fjárlagagerð árána 2012 og 2013.

Verkþættir:

1. Skipa vinnuhóp og tryggja stuðning
2. Fara yfir þau svið fjárlaga sem framangreind verklag á við
3. Ákveða hversu hátt hlutfall á viðkomandi sviðum verði sett í samkeppnissjóðafarveg
4. Greina hverjir aðrir en fastir aðilar á fjárlögum geti komið að þróun lausna á viðkomandi sviðum.
5. Skapa farvegi fyrir útboð verkefna og samstarf á viðkomandi sviðum – tengja klasasamstarf á lykilsviðum (sem þegar er hafið).
6. Koma í framkvæmd

Þingnefnd 9 -Höfuðstöðvar íslenskra fyrirtækja á Íslandi – samkeppnishæft starfsumhverfi á Íslandi

Markmið:

Að skapa grundvöll og hvatningu fyrir að íslensk fyrirtæki í útflytningi að hafa höfuðstöðvar og starfsemi á Íslandi og skapa þannig meiri gjaldeyristekjur og fleiri störf en ella.

Verkþættir:

1. Skipa vinnuhóp í samráði við hagsmunahópa, stjórnvöld
2. Greina stöðu og vanda
3. Skilgreina tjón og kostnað sem hlýst af ósamkeppnishægu starfsumhverfi
4. Setja fram tillögur til úrbóta sem virki sem hvatning fyrir fyrirtækin að auka við starfsemina hér á landi.
5. Innleiða nauðsynlega hvata í lög og regluverk

3. Tækni- og hugverkafélag 2011

Fulltrúar tækni- og hugverkafyrirtækja, stuðningsaðilar og alþingismenn komu saman í fjórða sinn á Tækni- og hugverkafélagi 2011, föstudaginn 7. október undir kjörorðinu "Nýsköpun – uppspretta verðmæta". Mikið var lagt í undirbúning og framkvæmd þingsins.

Hugvitið er næsta stórvirkjun þjóðarinnar" sagði Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra sem setti þingið og hvatti atvinnulífið og menntastofnanir landsins til dáða.

Á þinginu var fjallað um stöðu og starfsskilyrði tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi og hvernig stjórnvöld, stoðkerfi og atvinnulíf geta unnið saman að því að koma nauðsynlegum umbótum í framkvæmd.

Í aðdraganda Tækni- og hugverkafélags 2011 var unnið nýtt stefnumótunarstarf og skilgreind áhersluverkefni til ársins 2016. Þessi stefnumótun var kynnt á þinginu og áhersluverkefni lögð fram í nefndum þingsins til umræðu.

Góður samhljómur er í stefnu stjórnvalda og tækni- og hugverkaiðnaðar. Fátt ætti því að vera til fyrirstöðu að hrinda áhersluverkefnum í framkvæmd.



Fulltrúar fyrirtækja, stuðningsaðila og alþingismenn komu saman í fjórða sinn á Tækni- og hugverkafyrirspá 2011, föstudaginn 7. október

Talsvert skortir þó á að Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2012, endurspegli þennan samhljóm. Ekkert er t.d. að finna í fjárlögum um markáætlun um klasaverkefni um „betri þjónustu fyrir minna fé“. Engin merki eru meldur um að efla eigi Tækniþróunarsjóð.

Við skulum láta athafnir fylgja orðum - göngum samhent til þeirra verka sem framundan eru“ lagði iðnaðarráðherra. Því miður náðu slíkar athafnir og samheldni ekki fram að ganga í fjárlaga-frumvarpinu 2012 á áður en það varð að lögum.

Að loknum áhugaverðum framsöguerindum fulltrúa ráðuneyta og fyrirtækja hófst meginkjarni þingsins þegar þátttakendur tóku til starfa í níu þingnefndum (sjá lista hér að framan). Í þingnefndum voru lagðar fram tillögur um áhersluverkefni og aðgerðir til að bæta starfsskilyrði tækni- og hugverkafyrirtækja sem eiga erindi við stjórnvöld og Alþingi.

Þegar þingnefndir höfðu lokið starfi sínu söfnuðust þátttakendur aftur saman í aðalsal og málshefjendur hverrar tillögu gerðu grein fyrir niðurstöðum.

Orri Hauksson sleit Tækni – og hugverkafyrirspá 2011 með því að færa fulltrúum alþingis níu blöðrur, eina fyrir hvert verkefni, með þeim orðum að þeim skyldi haldið á lofti með áframhaldandi samstarfi. Þá var öllum þátttakendum þingsins færð að gjöf lyklakippa sem pípír þegar flautað er á hana til áminningar um að týna ekki lyklinum – nýsköpun - að framtíðinni.



Þingmenn og fulltrúar þingflokka voru sammála í þinglok að halda áhersluverkefnum tækni- og hugverkagreina á lofti.

Tækni- og hugverkafyrirspá 2011 er fjórða í röð sambærilegra þinga sem haldin hafa verið annað hvert ár frá 2005. Tilgangurinn er að koma á beinum samskiptum stjórnenda fyrirtækja og þeirra aðila sem hafa áhrif á starfsskilyrði tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi, ekki síst þeirra sem fara með löggjafarvaldið. Kjarni

Þinganna eru þingnefndarfundir þar sem umræða fer fram um afmarkaða þætti í starfsskilyrðum fyrirtækjanna og hvernig megi koma áhersluverkefnum til umbóta í framkvæmd.

Þingið var haldið í tengslum við European SME Week 2011 í samstarfi Samtaka iðnaðarins, Hátækni- og sprotavettvangs, þingflokka stjórnmalaflokka, ráðuneyta iðnaðar, utanríkis, mennta- og fjármála, háskóla og aðila stoðkerfis og atvinnulífs.

4. Framhald Hátækni- og sprotavettvangs 2012-2014

Hátækni- og sprotavettvangur var stofnsettur í lok árs 2008. Vettvangurinn miðar að því að efla uppbyggingu sprotafyrirtækja á Íslandi. Iðnaðar-, mennta-, fjármála- og utanríkisráðuneyti standa að samningnum ásamt fjórum félagasamtökum; Samtökum sprotafyrirtækja-, líftæknifyrirtækja-, upplýsingatæknifyrirtækja og Samtökum iðnaðarins.

Aðstandendur gerðu með sér þriggja ára samning sem lýkur í byrjun næsta árs. Samtök iðnaðarins og iðnaðarráðuneytið lögðu hvort til þrjár og hálf milljón á ári til vettvangsins. Núverandi verkefnisstjóri er Haukur Alfreðsson.

Fyrir liggur ný þriggja ára áætlun og samningsdrög um áframhald vettvangsins til ársins 2014. Áætlunin gerir ráð fyrir að þrjú ný samtök tækni- og hugverkagreina SHI, IGI, CTI verði formlegir aðilar að vettvanginum og auk þess er forsætisráðuneyti og velferðaráðuneyti boðið að bætast í hóp ráðuneytanna. Helstu verkefni HSV verða að vinna með tæknisamtökunum að þeim stefnumálum sem að framan eru nefnd.

5. Atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar – fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar.

SI/SSP hafa átt fulltrúa í atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar. Nefndin hefur haldið á annað tug fundu á árinu og lagði fram tillögur í tíu liðum í haust. Sigurður Snævarr, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar er formaður nefndarinnar, kynnti tillögurnar á Tækni- og hugverkabþingi í október, en fjórar af þessum tillögum má rekja til stefnumótunarverkaefni tækni- og hugverkagreina.

1. Matur sem meginstoð í atvinnusköpun;
2. Tækniþróunarsjóður eflur í 4 milljarða;
3. Grænn samkeppnissjóður;
4. Lagasetning til að koma í veg fyrir eignarhald banka á gjaldþrota fyrirtækjum;
5. Iðnaðarklassi;
6. Iðnaðargróðurhús;
7. Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum;
8. Virðisaukning sjávarafna með aukinni vinnslu innanlands;
9. "Inspired by Icelandic Innovation";
10. Samkeppnissjóðir um betri þjónustu fyrir minna fé

Því miður virðist ekkert af þessum tillögum hafa ratað inn á fjárlög og því ríkir fullkomin óvissa um afdrif þeirra. Í nýrri fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar sem kynnt var í síðasta mánuði kom þó fram viss stuðningur við verkefni 1, 2, 3, 8 og 10, þó hann sé óbeinn í vissum verkefnum.

6. Markáætlun um klasaverkefni um „Betri þjónustu fyrir minna fé“ á sviði menntamála, heilbrigðismála, orku- og umhverfismála.

Markáætlun um klasaverkefni er eitt af þeim verkefnum (sjá nr. 8) sem nefnd eru hér að framan sem hefur vegið þungt í starfsemi SI/SSP/SHI og HSV á síðasta ári. SI og HSV efndu í nóvember 2010 til fundar í tengslum við Ár nýsköpunar þar sem fjárlögin voru rýnd með augum nýsköpunar. Tilgangurinn var að skoða hvort hægt væri að sjá tækifæri í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir niðurskurð. Horft var sérstaklega til útgjalda í mennta-, heilbrigðis-, orku- og umhverfismálum. Framsögumenn og þátttakendur í pallborði, þar á meðal fimm ráðherrar, voru sammála um nauðsyn þess að finna nýjar leiðir til að halda uppi þjónustu hins opinbera og helst bæta hana fyrir minna fé en áður.

Þátttakendur í fundinum voru allmennt sammála um að á tímum samdráttar verði að finna nýjar leiðir til að halda uppi þjónustu og helst bæta hana fyrir minna fé en áður. Það krefst nýrrar hugsunar, nýrra leiða og nýrra lausna. Leiðin að þessu marki er í gegnum straumlínuhugsun frá sjónarhóli notenda, klasasamstarf og samkeppnissjóði. Hvatinn til frumkvæðis og samstarfs liggur í að flytja fjármagn til nýsköpunar og þróunar úr föstum fjárlögum stofnana í samkeppnissjóði þar sem forgangsröðun verkefna er tengd við árangur í formi verðmætasköpunar og nýrra lausna.

Í framhaldi af þessum fundi var skilgreint þriggja ára markáætlun í tengslum við Tækniþróunarsjóð með það að markmiði „að skapa betri og hagkvæmari lausnir til að uppfylla þarfir á þessum sviðum og skapa um leið tækifæri til þróunar á lausnum sem eiga erindi á alþjóðlegan markað“.

Fyrir liggur fjármögnun verkefnisins á fyrsta ári og vilyrði ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga um framhaldsfjármögnun fyrir árin 2012 og 2013. Haldin voru stefnumót og fundir til að skapa aðstæður fyrir fyrirtæki og stofnanir að ná saman um verkefni. Þessir fundir skiluðu góðum árangri og á fyrsta umsóknarfresti sem var 1. nóvember sl. komu alls 21 umsókn fram sem lagðar verða fram til mats á næstunni. Þessar umsóknir skiptast þannig að 9 voru á heilbrigðissviðinu, 6 á menntasviðinu og 6 á orku- og umhverfissviðinu.

Fyrir Alþingi liggur að tryggja fjármuni til þessa verkefnis á fjárlögum 2012 og 2013. Verkefnið er hluti af samkomulagi við aðila vinnumarkaðar og ríkisstjórnar varðandi síðustu kjarasamninga. Samkomulagið felur í sér að 150 m.kr. á ári er veitt í sérstaka þriggja ára markáætlun hjá Tækniþróunarsjóði til að virkja samstarf á heilbrigðissviði, menntasviði og orkusviði, m.a í formi klasa. Þessir fjármunir mynda 25% heildarumsvifa verkefna en 75% koma frá fyrirtækjum og samstarfsstofnunum þeirra.

Þrátt fyrir eftirfylgni SI og HSV hefur ríkisstjórnin ekki staðið við að tryggja áframhaldandi framlög til þessa verkefnis á fjárlögum árána 2012 og 2013. Þetta er mikil vonbrigði, ekki síst þar sem nettóáhrif á greiðslustöðu ríkissjóðs eru í raun jákvæð strax frá árinu 2011 þar sem fyrirtækin leggja mun meira fram og skila launaskatti af þeim útgjöldum löngu áður en til útgreiðslu kemur úr ríkissjóði. Það má í raun furða sig á þeirri forgangsröðun í fjárlagagerð að styðja ekki þetta verkefni þar sem fyrsta árið er án útgjalda fyrir ríkissjóð þar sem fjármögnun þess er tryggð með eftirstöðvum iðnaðarmálagjalds frá árinu 2010, auk þess sem útgreiðslur úr ríkissjóði verða fyrst á árinu 2013, en þá verður ríkissjóður búinn að hafa launaskattstekjur af verkefninu um tveggja ára skeið. Auk þessa miða verkefnin að betri lausnum og þjónustu í starfsemi hins opinbera fyrir minna fé og sparnaði í ríkisútgjöldum til lengri tíma og í framhaldi af því útflutningi með tilheyrandi gjaldeyrisöflun.

Þrátt fyrir vonbrigðin með fjárlögin 2012 verður áfram leitað leiða til að tryggja framhald verkefnisins. Í nýrri fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar er t.d. gert ráð fyrir sérstöku fjármagni í markáætlanir. Það er þó óljóst hvort markáætlun um „Betri þjónustu fyrir minna fé“ sé þar inni og erfiðlega hefur gengið að fá um það skýr svör. Þessu þarf að fylgja eftir, m.a. innan Hátækni- og sprotavettvangs.

7. Efling Tækniþróunarsjóðs

Annað verkefni, sem enn og aftur hefur orðið útundan við afgreiðslu fjárlaga, er efling Tækniþróunarsjóðs (sjá nánar verkefni nr. 3 í listanum hér að framan). Mikilvægi Tækniþróunarsjóðs við uppbyggingu hátækniíðnaðar á Íslandi hefur aldrei verið meira en einmitt nú eftir hrun fjármálakerfisins. Bryna nauðsyn ber til að efla verðmætasköpun og skapa ný störf eins hratt og hægt er. Þar getur Tækniþróunarsjóður gegnt lykilhlutverki.

Það er ljóst að Tækniþróunarsjóði hefur verið ætlað aukið hlutverk af stjórnvöldum á undanförunum árum og nýjum greinum, t.d. í skapandi iðnaði, hönnun og ferðaþjónustu hefur verið beint í hann. Þá hefur sjóðnum verið ætlað aukið hlutverk í stuðningi við uppbyggingarstarf fyrirtækjanna, m.a. í formi nýrra styrktegunda á borð við frumherjastyrki, brúarstyrki og öndvegissstyrki. Markmið með slíkum styrkveitingum er að styrkja annars konar verkefni en hinir hefðbundnu verkefnastyrkir hafa gert, m.a. við uppbyggingu innviða og sókn á erlenda markaði. Þetta er allt af hinu góða og svarar kalli tímans og þörfum í atvinnulífinu. Vandinn er hins vegar sá að þessum auknu hlutverkum og áherslum hefur ekki fylgt fjármagn í neinu samræmi við aukinn umsóknþunga.

Þrátt fyrir að efling Tækniþróunarsjóðs hafi ítrekað verið lögð fram sem forgangsmál á öllum Hátækni- og sprotapíngum á árabílinu 2005-2011 og að þetta verkefni hafi hlotið hæstan forgang í Atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar sem starfaði á árinu 2011, hefur ekkert miðað í að tryggja sjóðnum aukin framlög á fjárlögum. Aðeins er um 5 milljóna króna aukningu að ræða á fjárlögum 2012 sem engan veginn heldur í við verðlag, hvað þá að fela í sér einhverja eflingu. Fulltrúar SI og HSV hafa átt fundi með forsætisráðherra, fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra til að fylgja málinu eftir í fjárlagagerð 2012. Því miður virðist vanta skilning á málinu hjá stjórnvöldum og þrátt fyrir fögur fyrirheiti í orði við ýmis tækifæri (m.a. á Tækni- og hugverkapiingum og Iðnpíngum) þá skilar ekkert sér á borði þegar kemur að fjárlögum.

Ný fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarflokkanna ásamt Guðmundi Steingrímssyni gefur að vísu fögur fyrirheit um tvöföldun sjóðsins frá og með árinu 2013, en fjármögnun þessa er byggð á sérstöku veiðigjaldi sem ekki hefur náðst sátt um á Alþingi. Það er því óljóst hvað veiðigjaldið mun í raun gefa mikið af sér náist um það sættir og þannig ekkert í hendi varðandi fjármögnun á þessum auknu framlögum í Tækniþróunarsjóð sem kynnt hafa verið í fjárfestingaráætluninni.

8. Endurgreiðsla rannsókn- og þróunarkostnaðar – skattvílnun vegna hlutabréfakaupa.

Eitt helsta baráttumál SI/SSP og annarra starfsgreinahópa á tækni- og hugverkasviðum – lög um endurgreiðslu hluta rannsókn- og þróunarkostnaðar komu í fyrsta sinn til framkvæmdar á s.l. ári. Alls voru endurgreiddar rúmlega 500 milljónir króna til fyrirtækja seint á árinu 2011. Þetta er eitt markverðasta framlag til starfsskilyrða hátækni- og sprotafyrirtækja sem fram hefur komið í seinni tíð og ástæða til að draga sérstaklega fram í dagsljósið sem fagnaðarefni,

þrátt fyrir að langan tíma hafi tekið að koma þessu fyrirkomulagi á og ýmsa byrjunarörðugleika í því sambandi.

Framundan er að vinna að því að koma á skattaívilnun vegna hlutabréfakaupa, sem felld var út úr lögnum á árinu 2010, vegna athugasemda frá ESA. Um síðustu áramót var haldinn fundur með fjármála/iðnaðarráðherra til að koma aftur af stað vinnu við gerð nýs lagafrumvarps um málið. Skilboð um að þessi vinna sé að hefjast hafa borist frá fjármálaráðuneytinu á vordögum og fulltrúar HSV áttu í síðustu viku fund með fulltrúum ráðuneytisins til að taka stöðu á málinu.

9. ÁR NÝSKÖPUNAR

Samtök iðnaðarins stóðu ásamt fjölda samstarfsaðila úr stjórnslu og atvinnulífi fyrir verkefninu **ÁR NÝSKÖPUNAR – frumkvæði – fjárfesting – farsæld**. Sjá nánar eftirfarandi tengil: <http://www.si.is/ar-nyskopunar/frettir/nr/8982>.

Stjórn SSP/SHI hefur tekið virkan þátt í undirbúningi og mótun verkefnisins.

Markmið verkefnisins er að kynna og efla nýsköpun sem leið til endurreisnar í íslensku atvinnulífi og vinna að vegvísi til framtíðar með verðmætasköpun og aukinn útflutning að leiðarljósi.



Dagskráin hefur verið afar fjölbætt og mikill fjöldi fyrirtækja innan SI hafa komið að fjölmörgum þessara verkefna, ekki síst í tækni- og hugverkagreinum. Sjá nánar atburðadagatal: <http://www.si.is/dagatal-ars-nyskopunar>.

Fjölmennt var á opunarhátíð ÁRS NÝSKÖPUNAR í húsa-
kynnum Marel, en forseti Íslands opnaði árið.

Megin viðfangsefni verkefnisins er að vinna á markvissan hátt að því að bæta starfsskilyrði og stuðningsumhverfi nýsköpunar í fyrirtækjum m.a. með aukinni kynningu og hvatningu á sem breiðustum grunni og í sem flestum atvinnugreinum.

Meðal viðburða og verkefna sem hafa verið á gangi má nefna:

Janúar:

- Stofnfundur Samtaka heilbrigðisiðnaðarins

Febrúar:

- Menntadagur iðnaðarins – Nýsköpun í menntun

Mars:

- Iðnþing – Nýsköpun alls staðar

Apríl:

- Líftækni – 27. apríl fundur um erfðatækni

Maí:

- Fundarröð um orkumál, 4-5 vikulegir fundir í samstarfi við HR (6, 13, 20 og 27 maí)
- Stefnumót í jarðvarmaklasanum 4. maí
- Vaxtarsprotinn 2011 – afhentur í 5. sinn föstudaginn 6. maí (8:30-10:00)

- Stefnumótun stjórnar SI, Tísku- og fataiðnaðar, Tækni- og hugverkaiðnaðar (með þátttöku þingmanna)

Júní:

- Stefnumót í heilbrigðisklasanum í samstarfi við LHS ofl.

Júlí:

- Fundur með lykilaðilum í menntaklasanum

Ágúst:

- Fundir með formönnum og starfsmönnum þingflokka v/ undirbúnings Tækni- og hugverkabings í september

September:

- Mánuður þjónustugreina
- Brúðarpar þjónustugreina – innsög í Ísland í dag
- Nýsköpunarverðlaun grunnskólanema
- Full borg matar
- Stefnumót á menntasviði – um Betri lausnir fyrir minna fé
- Hádegiserindi í Toppstöðinni (málmur)
- EUWIIN – 2011 Uppfinninga og frumkvöðlaþing kvenna
- Iceland Geothermal – stofnfundur
- Hádegiserindi í Kalki um nýsköpunarmál

Október:

- Mánuður hugverkagreina
- Tækni- og hugverkabing
- European SME-week – fundur um stoðkerfi nýsköpunar
- Seed-Forum og Örfjárfestingabing
- Hádegiserindi í Toppstöðinni (viður)
- Nýsköpun og vísindi, 5 þátta röð að ljúka sýnd á Rúv í vetur (Ari Trausti)

Nóvember:

- Heimsóknir á landsbyggðina með forseta Íslands. (Suðurland – Vestfirðir)
- Eftirfylgni Tækni og hugverkabings
- Iðnaðarblaðið, greinargerð, framhald HSV, fundir með iðnaðar og forsætisráðuneyti, fundir með ráðherrum
- Búinn (Friðbert forvitni) – stutt innsög um nýsköpun fyrir yngsta fólkið með Gunnari Helgasyni
- Boxið – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna (forkeppni – lokakeppni 5. nóv.)
- Hádegiserindi í Toppstöðinni (efni málning eða gler)
- Nýsköpunarþing 2011 – Nýsköpunarverðlaun (verðlaunahafi Mentor)
- Athafnavika Innovits
- Uppskeruhátíð ÁRS NÝSKÖPUNAR – 16. nóvember

Auk þessar hafa ýmsir fundir á vegum samstarfsaðila tengst ÁRI NÝSKÖPUNAR, beint og óbeint.

Almennt ríkir ánægja með hvernig til hefur tekist með verkefnið ÁR NÝSKÖPUNAR og stjórn SI ákvað á síðasta fundi sínum að halda verkefninu áfram á næsta ári og benda á allt eins má lesa heiti verkefnisins í fleirtölu. Þessi ákvörðun SI styður vel við þau áhersluverkefni sem að framan eru nefnd sem afrakstur stefnumótunarvinnunnar í maí sl.

10. Samstarf við vinnumálastofnun um endurmenntun atvinnuleitenda til starfa í nýsköpunarfyrirtækjum.

Vinnumálastofnun í samstarfi við Samtök iðnaðarins, SA, Viðskiptaráð, háskóla landsins og tækni- og hugverkafyrirtæki stóðu á síðasta ári fyrir verkefni sem felur í sér að gefa áhugasömum atvinnuleitendum tækifæri til náms í tækni- og raungreinum. Vinnumálastofnun greiðir skóla- og skráningargjöld í eitt skólaár fyrir atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins og eru á atvinnuleysisskrá.

Þetta verkefni hefur verið þróað áfram á þessu ári og verið fellt inn í atvinnumálanefnd ríkisstjórnarinnar. Um 1000 atvinnuleitendum hefur þannig staðið til boða að setjast á skólabekk til að afla sér framhaldsmenntunar og þannig gera sig betur gjaldgengna á framtíðarvinnumarkaði. Vonandi skilar þessi ráðstöfun góðum árangri því vaxandi skortur er á tækni- og verkmenntuðum starfsmönnum í fjölmörgum atvinnugreinum.

Takmörkuð nýliðun tæknimenntaðs fólks hamlar vexti margra greina iðnaðarins, sérstaklega í hugverkaiðnaðinum. Fyrirtæki í Samtökum iðnaðarins hafa vaxandi áhyggjur af þessu. Skortur á tæknimenntuðu fólki dregur úr möguleikum á uppbyggingu iðnaðarins og arðbærum og verðmætum störfum. Mikil eftirspurn er eftir slíkri menntun hjá fyrirtækjum og á hún á eftir að aukast enn frekar á næstu árum. Gert er ráð fyrir að það þurfi um 3.000 nýja tæknimenntaða einstaklinga á íslenskan vinnumarkað innan hugverkaiðnaðar á næstu þremur árum. Hér er því um mikilvægt innlegg í stóru máli sem þarf að fylgja fast eftir á komandi árum.

11. Fagráð hugverkagreina innan Íslandsstofu

Vilborg Einarsdóttir hjá Mentor er fulltrúi SI stjórn Íslandsstofu ásamt Sigsteini Grétarssyni í Marel. Unnið hefur verið að stefnumótunarvinnu og lagði SI og stjórn SSP áherslu á að innan Íslandsstofu yrði myndað sérstakt fagráð tækni- og hugverkagreina sem einnar af lykilútlutningsgreinum þjóðarinnar. Þessi tillaga fékk framgang innan Íslandsstofu og hefur fagráðið átt nokkra fundi á árinu. Formenn tæknihópa SI skipa fagráðið ásamt fulltrúum stærri tæknifyrirtækja. SHI á fulltrúa í hópnum, en auk þess eiga fulltrúar stærri fyrirtækja eins og Actavis og Össur hf. einnig sitt sæti í hópnum. Eitt af þeim verkefnum sem fylgja þarf fast eftir á næsta starfsári er verkefnið „Inspired by Icelandic Innovation“ (sjá nr. 5 í áhersluverkefnalistanum út stefnumótunarvinnunni hér að framan)

12. Frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði

Samtökum íslenskra líftæknifyrirtækja og Samtökum heilbrigðisiðnaðarins bárust til umsagnar drög að frumvörpum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Myndaður var hópur fyrirtækja í samráði við stjórnir SHI og SÍL um gerð þessarar umsagnar, en hópurinn telur almennt að lagasetningin sé til bóta og jákvætt sé að gerð séu skýrari ákvæði um réttindi þátttakenda í rannsóknum á heilbrigðissviði.

Hópurinn benti þó að nokkur á atriði sem þarfnast frekari skoðunar.

- a. Væntingar standa til að einföldun á umsóknarferli og leyfisveitningum geti sparað fjármuni bæði hjá umsækjendum og stofnunum sem með málin fara. Áfram mun Persónuvernd koma að málum og því eru nokkrar

áhyggjur um að lögin muni ekki einfalda umsóknarferli rannsókna, nema með því að veða að persónuvernd einstaklinga.

- b. Umsagnaraðilar beina því til ráðuneytis að skoða sérstaklega þátt einkafyrirtækja innan ramma laganna. Tryggt þarf að vera að samskipti vegna rannsókna sem hafa hlotið leyfi í öðrum löndum verði skilvirk sem hingað til.
- c. Samkvæmt frumvarpinu verður nú leyfilegt að varðveita upplýsingar eftir að rannsókn er lokið sé þess óskað og er það mikil framför. Bent er á að ákvæði í frumvarpinu um vistun gagna og aðgang að þeim eru óskýr.
- d. Í frumvarpinu eru settar fram skilgreiningar sem er tímabært að færa í lög, en skýra þarf betur hvað felst í skilgreiningu á heilbrigðisupplýsingum
- e. Í frumvarpinu er lagt til að ákvarðanir vísindasiðanefndar verði ekki kæránlegar til ráðherra eins og verið hefur. Þessu er mótmælt
- f. Nokkur atriði í löggjöfinni eru opin og ónákvæm og því er mikilvægt að sett verði nánari ákvæði í reglugerðum eða settar starfsreglur m.a. til að koma í veg fyrir ósamræmi í ákvörðunum nefndarinnar. Bent er á að tilskipanir 2001/20/EC og 2005/28/EC og tengdar leiðbeiningar innifela flokkun í „substantial“ og „non-substantial“ breytingar á rannsóknaráætlun, að því er lýtur að klínískum lyfjarannsóknum.
- g. Umsagnaraðilar bentu einnig á rannsóknir á náttúrefnum og þörf á að setja sérstakar reglur á því sviði

13. Önnur mál

Morgunfundir SI/SSP/SUT/SÍL/IGI/CTI hafa reynst vera góður vettvangur fyrir félagsmenn til að hittast og fara yfir tiltekin mál sem höfða til breiðs hóps félagsmanna úr tæknisamtökunum.

Stjórn SHI hefur jafnframt lagt áherslu á innra starf, gagnkvæma kynningu og fræðslu fyrir félagsmenn. Í þeim tilgangi var opnaður umræðuhópur á samskiptavefnum LinkedIn þar sem félagsmenn geta leitað með fyrirspurnir og deilt þekkingu sinni. Jafnframt var farið af stað með fræðslufundi um afmörkuð málefni og var fyrsti fræðslufundurinn haldinn nú á vordögum um markaðskröfur vegna gæðamerkinga og öryggi hugbúnaðar tengdum lækningaferlum.

Tillaga um nýtt merki fyrir SHI var afgreidd á síðasta stjórnarfundum SHI, en hún kemur fram í haus þessarar skýrslu og er lögð fyrir aðalfund til staðfestingar.

Ýmis önnur mál hafa verið til umræðu s.s. uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja, skattalegir hvatar, eitt atvinnumálaráðuneyti.

Lokaorð

Góðir félagsmenn!

Nú er lokið fyrsta starfstímabili SHI. Mikið þúður hefur farið í að skapa farveg fyrir samstarf heilbrigðisstofnana og fyrirtækja um þróun á nýjum lausnum undir kjörorðum markáætlunarinnar „betri þjónusta fyrir minna fé“. Þrátt fyrir að vel hafi tekist til með að virkja alla hlutaðeigandi og að skilgreina áhugaverð samstarfsverkefni, þá verður að telja það viss vonbrigði hversu seint hefur gengið að ganga frá samstarfssamningum um þessi verkefni. Það eru líka vonbrigði að góð verkefni í þeim hópi sem sótt var um til Tækniþróunarsjóðs í gegnum markáætlunina fengu ekki tækifæri til að ganga til samninga með þeim skýringum að formgallar væru á umsóknum. Við hljótum að gagnrýna það verkferli við mat sem útilokar góð rannsóknarverkefni og faglega unnar umsóknir á formgalla einum án þess að umsækjendur fái tækifæri til að bregðast við því.

Þrátt fyrir þetta er mikilvægt fyrir félagsmenn SHI/SI að vinna áfram að þróun þessa góða samstarfs við heilbrigðisstofnanir og tryggja áframhaldandi fjármögnun verkefna á sviðinu.

Á þessu fyrsta starfstímabili SHI, hefur komið vel í ljós þörfin fyrir svona samtök á sama tíma og fyrirtækjum í greininni hefur verið fjölga. SHI þarf að mynda gott samskiptanet á milli þessara fyrirtæki og við heilbrigðisstofnanir og stjórnvöld. Fyrsta stjórnin hefur nú tekið mikilvæg fyrstu skref bæði í mótun á því samstarfi og vettvangi. Það bíður næstu stjórnar og næsta starfsárs að halda mótunarstarfinu áfram. Úr nógu er að moða en ennþá standa mörg af þeim verkefnum sem komu fram í stefnumótun greinarinnar óhreyfð.

Fyrir mig sem fyrsta formann nýrra samtaka hefur árið verið erilsamt bæði vegna starfa fyrir hönd SHI en einnig vegna starfa minna fyrir SagaMedica. Það eru spennandi tímar framundan hjá okkur í SagaMedica, niðurstöður klínískrar rannsóknar á einni vöru okkar, SagaPro, munu birtast í ritrýndu læknatímariti nú eftir um 10 daga og við munum um leið hefja mikla markaðssókn erlendis. Framundan eru því bæði erilsamir og spennandi tímar hjá mér. Ég vil af þeim sökum draga mig í hlé sem formaður SHI. Ég gef hins vegar áfram kost á mér til stjórnarstarfa í SHI.

Stjórn í svona grasrótarsamtökum þarf að vera síkvik og í góðum takti við fyrirtækin sjálf. Því er því eðlilegt að til breytinga í stjórn komi jafnvel eftir fyrsta starfstímabil. Breytingarnar eru þó óverulegar þar sem allir stjórnarmenn að undanskildum Þorvaldi Ingvarssyni, Össuri hf. bjóða sig fram til áframhaldandi starfa.

Á stofnfundi voru þeir Jón Valgeirsson, Actavis á Íslandi hf. og Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical ehf. kosnir til í stjórn til tveggja ára. Jón Valgeirsson bíður sig nú fram til formanns í minn stað með stuðningi stjórnar. Önnur framboð til formanns hafa ekki borist.

Árni Þór Árnason, Oxymap ehf., Börkur Arnviðarson, ARCTIC Sequentia ehf., Garðar Þorvarðsson, Kvikna ehf., Magnús Oddsson hjá Össuri hf. og Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica ehf., bjóða áfram krafta sína til stjórnarstarfa fyrir SHI. Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical ehf. var kosinn til tveggja ára og situr því áfram sitt seinna tímabil. Hákon Sigurhansson hjá EMR ehf., hefur jafnframt starfað með stjórninni og er tilbúinn að gera það áfram að ósk stjórnar.

Mér finnst líka rétt að það komi fram að þessi stjórn sem nú býður sig fram til áframhaldandi starfa, hefur verið alveg einstaklega virk, það hefur verið nánast full mæting hjá okkur á alla stjórnarfundi og það á bæði við um kjörna stjórnarmenn og þá sem hafa starfað með stjórninni.

Áhugasamir félagsmenn hafa verið hvattir til að bjóða sig fram án þess að ný framboð hafiborist, við leyfum okkur að túlka það sem traustsyfirlýsingu við stjórnina frá félagsmönnum.

Starfsemi SHI byggir að miklu leyti á sjálfböðavinnu stjórnarmanna en SI sjá samtökunum fyrir aðstöðu og starfskröftum í þeim mæli sem þörf er á. Mér finnst rétt að minnst hér sérstaklega á þátt Davíðs Lúðvíkssonar í þessu samhengi en hann er ómetanlegur drifkraftur og stuðningur í öllu starfinu. Það hefur verið mér mikill styrkur að hafa aðgang að Davíð og allri hans reynslu, tengslum og þekkingu inn í stjórnkerfið.

Að lokum færi ég félagsmönnum öllum og meðstjórnendum bestu þakkir fyrir gott samstarf, eldmóð, frumkvæði og framtakssemi í öllum þeim mikilvægu verkefnum sem við höfum tekið okkur fyrir hendur til að efla nýsköpun og heilbrigðisiðnaðinn á Íslandi. Ég vil ennfremur þakka starfsmönnum SI fyrir gott samstarf á þessu fyrsta starfstímabili SHI.

F.h. stjórnar SHI,

Perla Björk Egilsdóttir, formaður.